

Reglugerð um þjónustuviðmið BSRB

1. gr.

Almennt

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 4. gr. laga BSRB. Samkvæmt reglum þessum skulu aðildarfélög BSRB uppfylla tilgreind skilyrði um þjónustuviðmið fyrir aðild sinni að bandalaginu.

2. gr.

Efni reglugerðarinnar

Þjónustuviðmið skv. 4. gr. laga BSRB skulu vera varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði aðildarfélaganna við kjarasamningsgerð og aðra þá þjónustupætti sem við á. Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu vinna að hagsmunum launamanna, taka þátt í og styðja við starf BSRB.

3. gr.

Hagsmunagæsla

Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu gæta hagsmuna félagsmanna sinna í hvívetna, vera málsvari þeirra og vera tengiliður félagsmanna við atvinnurekendur og BSRB. Þau skulu veita félagsmönnum stuðning og viðeigandi aðstoð þegar upp koma álitæfni. Þau skulu hafa þekkingu eða önnur þau úrræði, s.s. kaup á sérfræðiþjónustu, til að veita ráðgjöf um réttindi og skyldur félagsmanna. Einnig skulu þau hafa tækni á að leggja álitæfni undir dómstóla ef svo ber undir.

4. gr.

Skrifstofuhald

Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu hafa símaþjónustu opna félagsmönnum alla virka daga og opnar skrifstofur sem samsvarar 20 tímum á viku. Þó geta aðildarfélög BSRB uppfyllt skilyrðin í samstarfi við aðra.

Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu hafa virka heimasíðu og upplýsingamiðlun þar sem nálgast má almennar upplýsingar s.s. um opnunartíma skrifstofa, upplýsingar um hvert félagsmenn geti leitað með fyrirspurnir sínar og kjarasamninga. Á skrifstofum aðildarféлага eða sambanda aðildarféлага skal fara fram öll umsýsla og aðstoð vegna sjóða á vegum félagsins.

5. gr.

Kjarasamningsgerð

Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu geta túlkað kjarasamninga sína og fylgt þeim eftir.

6. gr.

Trúnaðarmenn

Aðildarfélög eða sambönd aðildarféлага skulu halda utan um og framkvæma trúnaðarmannakosningu annað hvert ár. Þau skulu hafa trúnaðarmannaráð og/eða sameiginlegan vettvang fyrir trúnaðarmenn fyrir skoðanaskipti og umræður. Jafnframt skal trúnaðarmönnum veitt viðeigandi fræðsla og stuðningur.

7. gr.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Aðildarfélög eða sambönd aðildarfélaga skulu þjónusta atvinnuleitandi félagsmenn samkvæmt „Viðmiðum BSRB um þjónustu við atvinnulausa félagsmenn“ samþykkt á stjórnarfundum BSRB mars 2012.

8. gr.

Deilumál

Stjórn BSRB skal staðfesta að aðildarfélög eða sambönd aðildarfélaga uppfylli reglugerð þessa. Komi upp vafamál um hvort aðildarfélag uppfylli skilyrði reglugerðarinnar hefur aðalfundur BSRB úrskurðarvald um hvort svo sé.

9. gr.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi BSRB.

Samþykkt á aðalfundi BSRB 24. maí 2013.